

**Fundargerð 135. fundar Fræðslusjóðs,  
þriðjudaginn 3. september 2024 kl. 13:00 -14:30**

**Fundurinn var haldinn á Teams.**

**Mætt:** Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Helga Kristín Kolbeins., Hulda Birna Baldursdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Finnþogi Sveinbjörnsson, Heiðrún Björk Gísladóttir, Karl Rúnar Þórsson.

**Frá FA:** Hildur Betty Kristjánsdóttir og Björn Garðarsson.

**DAGSKRÁ**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt.

**2. Viðbótarúthlutun 2024**

Umsóknir um viðbótarúthlutun eru samtals 122.450.000 og skiptast þannig:

- Vottaðar námsleiðir: Sjö umsóknir bárust, samtals 98.650.000.
- Náms- og starfsráðgjöf: Sex umsóknir bárust, samtals 17.300.000.
- Raunfærnimat: Tvær umsóknir bárust, samtals 6.500.000.

Engri umsókn var hafnað.

Til úthlutunar voru alls 117.647.947.

Umsóknir eru því rúmum 4,8 milljónum hærri en fjármagn til úthlutunnar.

**Afgreiðsla:**

Eftirfarandi úthlutun var samþykkt.

Fræðsluaðili	Námsleiðir	Ráðgjöf	Raunfærnimat
Mímir-símenntun	29,780,000	3,840,000	
Framvegis		1,440,000	
IDAN		4,800,000	
<b>Samt. höfuðb.svæðið</b>	<b>29,780,000</b>	<b>10,080,000</b>	
SÍMEY	8,750,000		
Þekkingarn. Þingeyinga	9,610,000	4,750,000	4,800,000
Austurbrú	3,360,000		
Fræðslunet Suðurlands	3,360,000	770,000	1,440,000

Viska Vestmannaeyjum	1,540,000		
MSS	38,430,000	960,000	
<b>Samt. landsbyggðin</b>	<b>65,050,000</b>	<b>6,480,000</b>	<b>6,240,000</b>
<b>Samtals allt</b>	<b>94,830,000</b>	<b>16,560,000</b>	<b>6,240,000</b>

Samþykkt að FA skoði í árslok, þegar uppgjör fer fram, hvaða námskrár hafa verið brotnar upp í námsleiðir og hvaða þættir hafi verið teknir inn í nýju námsleiðirnar. Einnig að FA skoði í hvaða nám, greitt af Fræðslusjóði, eru innflytjendur sækja. Samþykkt að skoða úthlutunarmódelið fyrir 2025 og hvort ástæða sé að gera breytingar frá módelinu sem notað var við ákvörðun núgildandi úthlutunar.

### 3. Áherslur á fræðslutengda þætti hjá SGS í síðustu kjarasamningum.

Finnbogi Sveinbjörnsson fór yfir helstu þætti í kjarasamningi SGS og SA 2024 -2028 er lúta að nýju hæfnilaunakerfi. Grundvöllur þess er að gera færni til starfa sýnilega og staðfesta. Markmiðið er að meta störf með hlutlægum hætti, fjölga þáttum sem horft er til við launasetningu og útbúa skýr viðmið við launasetningu og launaþróun. Við þróun hæfnilaunakerfisins og skilgreiningavinnu á viðmiðum er m.a. horft til íslenska hæfnirammans. Þegar öllum hæfnikröfum starfs er náð er færnin staðfest með fagbréfi viðkomandi starfs. Fagbréf atvinnulífsins er afrakstur samstarfs Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), Samtaka atvinnulífsins (SA) og Alþýðusambands Íslands (ASÍ). Fagbréf atvinnulífsins eru gefin út af FA sem vottar að réttri aðferðafræði hafi verið beitt við framkvæmd mats og starfsþjálfunar.

### 4. Önnur mál

- a. Heimsóknir til FA, IÐUNNAR og MSS

**Afgreiðsla:** Lagt til mánudagurinn 30. september, en þó með öllum fyrirvörum.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 14:15